

Stjórnarfundur í Eyjafjarðardeild þriðjudaginn 26. apríl 2022 kl. 17.00

Fundinn sátu Gunnar Frímansson formaður, Karen Malmquist varaformaður, Jón Baldvin Hannesson ritari, Kristín Björk Gunnarsdóttir gjaldkeri, Hilmar Friðjónsson, Konráð K. Baldvinsson, Kristjana V. Valgeirsdóttir, Sigríður Stefánsdóttir og varamennirnir Jovana Kotaras, Kári Fannar Lárusson og Þorsteinn K. Björnsson. Einnig sat fundinn Ingibjörg E. Halldórsdóttir.

Fundarefni:

1. Fundargögn vegna aðalfundar Rauða krossins 21. maí 2022  
Rætt um gögn sem send hafa verið til deilda varðandi aðalfundinn.  
Ákveðið að bíða með bókun varðandi lagabreytingar þar sem enn vantar gögn frá landsstjórn. Deildarstjóra falið að kalla eftir gögnum um áhrif lagabreytingartillagna varðandi skiptingu framlaga Íslandsspila og hagnaðar af framlögum mannvina.
2. Starfsmannamál
  - a) Deildarstjóri gerir grein fyrir því að Sóley Stefánsdóttir hafi verið ráðin í starf verkefnastjóra við deildina frá 2. maí.  
Tillaga um bókun: Deildarstjórn býður Sóleyju velkomna í starf verkefnastjóra og væntir mikils af samstarfinu við hana.
  - b) Landsskrifstofa Rauða krossins hefur ákveðið að verja hluta fjárframlags frá ríkinu sem svarar til 70% starfs starfsmanns í eitt ár við aðstoð við flóttafólk. Starfsmaðurinn sinni flóttafólki á Eyjafjarðarsvæðinu í 30% starfi og verði starfsmaður Eyjafjarðardeildar með aðsetur í Viðjulundi.  
Tillaga um bókun: Deildarstjórn samþykkir að greiða fyrir 30% starf frá miðju ári 2022 til miðs árs 2023.
3. Tilboð um leigu á suðurenda húss deildarinnar í Viðjulundi  
Eigendur hundasnyrtingarinnar í suðurenda húss deildarinnar í Viðjulundi hafa óskað eftir að taka á leigu allan syðsta hluta hússins til ársloka 2025 og gera þær breytingar á húsnæðinu sem þeir telja nauðsynlegar.  
Deildarstjóra er falið að ganga frá samningi við eigendur hundasnyrtingarinnar á grundvelli tilboðsins sem kynnt var á fundinum.
4. Endurnýjun samnings við Karlakór Akureyrar/Geysi  
Forráðamenn karlakórsins hafa óskað eftir að framlengja samning um afnot af kennslusal deildarinnar veturinn 2022-2023.  
Deildarstjóra er falið að ganga frá samningi við forráðamenn kórsins. Jafnframt heimilar stjórnin deildarstjóra að kaupa gám sem nýtist sem geymsla á ýmsum búnaði. Kaupverð er 250 þús. kr.
5. Framlag Eyjafjarðardeildar til hjálparstarfs á árinu 2022  
Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir 2,5 milljónum til neyðaraðstoðar. Ákveðið að fresta ákvörðun um útteilingu þess fjármagns.
6. Mannréttindaviðurkenning Akureyrbæjar  
Forvígiskonum Frú Ragnheiðar á Akureyri, Berglindi Júlíusdóttur og Eddu Ásgrímsdóttur, var nýlega veitt mannréttindaviðurkenning Akureyrbæjar fyrir starf þeirra að skaðaminnkun á vegum Rauða krossins við Eyjafjörð.  
Stjórn Eyjafjarðardeildar óskar Berglindi og Eddu til hamingju með viðurkenninguna og þakkar þeim og öðrum sjálfbóðaliðum í hópnum fyrir frábært starf.

7. Önnur mál

- a) Karen Malmquist sagði frá starfsemi og fjárhag Fjölsmiðjunnar